

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN



ÁRSSKÝRSLA 2006



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 4 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 9 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris..... | 10 |
| Efnahagsreikningur | 11 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 12 |
| Skýringar | 13 |
| · Sérgreint yfirlit um rekstur og fjárhag séreignarsjóðs árið 2006 | 19 |
| · Sérgreint yfirlit um rekstur og fjárhag samtryggingarsjóðs árið 2006 | 24 |
| Fylgiskjal: | |
| Fjárfestingastefna Almenna lífeyrissjóðsins 2007 | 30 |

Skyrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Helstu viðburðir 2006

- Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður lækna sameinuðust 1. janúar 2006.
- Nýtt fyrirkomulag samtryggingarsjóðs var tekið í notkun.
- Lágmarksíðgjald hækkaði úr 10% af launum í 12% 1. janúar 2007. Af því þarf ekki að greiða nema 8% í samtryggingarsjóð og því fara 4% í séreignarsjóð.
- Heildareignir jukust um 29,3% og voru 83,2 milljarðar í árslok. Sjóðfélögum fjöldaði um 17% og voru 29.446.
- Ávöxtunarleiðir skiliðu mjög góðri ávöxtun 2006. Ávöxtun Ævisafns I var hæst eða 21,8%.
- Sjóðfélagar geta valið um fjórar ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði.
- Mikil eftirspurn var eftir sjóðfélagalánum, 242 sjóðfélagar fengu lán árið 2006.
- Ný vefsíða var opnuð í apríl.
- Ný þjónusta var kynnt í nóvember. Sjóðfélagar geta nú breytt um ávöxtunarleið og sótt greiðslur í netbanka.
- Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs er mjög sterk.
- Fjölmög námskeið og fundir voru haldnir fyrir sjóðfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn

Almenni lífeyrissjóðurinn er traustur lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið í hvaða sjóð þeir greiða lágmarksíðgjaldið og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Almenni lífeyrissjóðurinn er öllum opin en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á trausta fjármálastjórn og fjölbreyttu sveigjanlega þjónustu.

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi með þjónustu og nýjungar í lifeyrismálum.

Stjórn

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 2006 - 2007 er skipuð eftirtöldum aðilum.

Aðalmenn:

Porkell Bjarnason, formaður
Rannveig Einarsdóttir, varaform.
Björn A. Magnússon
Eiríkur Þorbjörnsson
Hafsteinn Sæmundsson
Jóhannes Þórðarson
Páll Á. Pálsson
Sigurbjörn Sveinsson
Þór Sigfusson

Tilnefndur af Læknafélagi Íslands árið 2006 til tveggja ára.
Kosin af sjóðfélögum á ársfundi 2005 til tveggja ára.
Kosinn af sjóðfélögum á ársfundi 2005 til tveggja ára.
Kosinn af sjóðfélögum á ársfundi 2006 til þriggja ára.
Tilnefndur af Læknafélagi Íslands árið 2006 til þriggja ára.
Kosinn af sjóðfélögum á ársfundi 2006 til tveggja ára.
Tilnefndur af Íslandsbanka á ársfundi 2005 til tveggja ára.
Kosinn af sjóðfélögum á ársfundi 2006 til tveggja ára.
Tilnefndur af Glitni á ársfundi 2006 til þriggja ára.

Til vara:

Arna Harðardóttir
Björn Th. Árnason
Vilhelmína Haraldsdóttir
Porkell Erlingsson

Tilnefnd af Íslandsbanka á ársfundi 2005 til tveggja ára.
Kosinn af sjóðfélögum á ársfundi 2006 til tveggja ára.
Tilnefnd af Læknafélagi Íslands árið 2006 til þriggja ára.
Kosinn af sjóðfélögum á ársfundi 2005 til tveggja ára.

Áheyrnarfulltrúi:

Kristín Baldursdóttir

Fulltrúi Félags leiðsögumanna, til eins árs.

Sameining Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins

Árið 2006 var fyrsta starfsár Almenna lífeyrissjóðsins eftir sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins. Starfsemi sjóðsins einkenndist töluvert af sameiningunni og ekki síður af því að samhlíða henni var tekið í notkun nýtt fyrirkomulag samtryggingarsjóðs. Samkvæmt nýja fyrirkomulaginu skiptist iðgjald í samtryggingarsjóðum á milli trygginga- og eftirlaunadeilda. Með greiðslu iðgjalds í tryggingadeild ávinna sjóðfélagar sér réttindi til örorku-, maka- og barnalífeyris. Iðgjald í eftirlaunadeild er hins vegar ávaxtað í sérstökum eftirlaunasjóði á nafni sjóðfélaga til að tryggja honum lífeyrisgreiðslur til æviloka. Eftirlaunasjóðurinn erfist ekki við fráfall. Þegar sjóðfélagi hefur töku lífeyris flyst hann í lífeyrisdeild sem greiðir ellilífeyri til æviloka.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Í nýju fyrirkomulagi samtryggingarsjóðs eru iðgjöld sjóðfélaga sem eru að byggja upp lífeyrisréttindi aðskilin frá þeiri eign sem notuð er til að greiða lífeyri. Með þessu er hægt að ávaxta eignir lífeyrisþega í áhættulitlu safni til að koma í veg fyrir að lífeyrisgreiðslur lækki vegna sveiflna á verðbréfamarkaði. Hins vegar er stefnt að hámarksávöxtun á öðrum eignum með tilheyrandi sveiflum sem fylgja áhættumeiri verðbréfasöfnum eða söfnum með hærra hlutfalli hlutabréfa. Þessi uppbygging samtryggingarsjóðs er einstök meðal íslenskra lífeyrissjóða. Hún eykur öryggi lífeyrisþega og gefur yngri sjóðfélögum tækifæri á hærri lífeyri í framtíðinni vegna betri ávöxtunar.

Iðgjald

Lágmarksíðgjald í Almenna lífeyrissjóðinn hækkaði úr 10% í 12% af launum þann 1. janúar 2007 og skiptist þannig að 4% greiðast í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð.

Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 12% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára alðri en með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

Eignir og fjöldi sjóðfélaga

Í árslok 2006 námu heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins 83,2 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn því um 18,8 milljarða eða um 29,2% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 29.446 og fjölgaði þeim um 4.389. Eignir séreignarsjóðs voru 47,0 milljarðar og samtryggingarsjóðs 36,2 milljarðar.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru samtals 7,4 milljarðar og hækkuðu iðgjöldin um 40,9% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega voru alls 1,1 milljarður og skiptust þannig að 551,4 milljónir voru greiddar úr séreignarsjóði og 584,3 milljón úr samtryggingarsjóði.

Mjög góð ávöxtun 2006

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins skiliðu allar mjög góðri ávöxtun árið 2006. Þessi góða ávöxtun skýrist af hækjun á innlendum og erlendum hlutabréfum. Heimsvisitala erlendra hlutabréfa hækkaði um 20,1% í dollarum en um 36,6% í íslenskum krónum þar sem íslenska krónan veiktist um 13,8% gagnvart dollar. Visitala aðallista Kauphallar Íslands hækkaði um 14,7% á síðasta ári.

Ávöxtun skuldabréfa sjóðsins var hins vegar lág þar sem sjóðurinn metur skuldabréfin á markaðsverði. Viðmiðunarvisitala skuldabréfa Ævisafna I og II hækkaði um 7,5% á árinu sem er einungis um 0,5% umfram hækjun visitólu neysluverðs.

Ávöxtun Almenna lífeyrissjóðsins

| Ávöxtunarleið | 2006 | Raunávöxtun á ári síðastliðin | | | |
|-----------------|------|----------------------------------|------|------|------|
| | | Nafn- ávöxtun | 1 ár | 3 ár | 5 ár |
| Ævisafn I | 21,8 | | 13,9 | 10,2 | 6,0 |
| Ævisafn II | 20,4 | | 12,6 | 10,2 | 7,3 |
| Ævisafn III | 13,8 | | 6,3 | 6,7 | 6,4 |
| Ævisafn IV | 12,2 | | 4,8 | 5,2 | 5,4 |
| Tryggingadeild* | 21,3 | | 13,3 | 12,1 | 8,7 |
| Lífeyrisdeild** | 10,0 | | 2,8 | | |

* Ávöxtun Tryggingadeilda árin 2002-2005 er byggð á ávöxtun Lífeyrissjóðs lækna og samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins.

** Lífeyrisdeild greiðir ævilangan ellilífeyri til sjóðfélaga og ávaxtar eignir sinar í skuldabréfum. Raunávöxtun safnsins var 2,8% ef skuldabréfin eru metin miðað við markaðsvexti. Ef skuldabréfin eru metin á kaupkröfu eins og flestir aðrir lífeyrissjóðir gera var raunávöxtun safnsins 5,7% (nafnávöxtun 13%).

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins eru sex, fjórar fyrir séreignarsjóð og fimm fyrir samtryggingarsjóð.

- Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli fjögurra verðbréfasafna, Ævisafna I, II, III og IV, með mismunandi eignasamsetningu og áhættu. Sjóðfélagar geta valið sér safn ýmist eftir því hversu mikla áhættu þeir vilja taka eða eftir aldri. Þeir geta einnig valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra milli ævisafnanna með það fyrir augum að miinika áhættuna eftir því sem nær dregur starfslokum.
- Samtryggingarsjóður skiptist í eftirlauna-, trygginga- og lífeyrisdeild. Eftirlaunadeild ávaxtar fē sjóðfélaga til að tryggja þeim ellilífeyrisgreiðslur til æviloka. Eignir eftirlaunadeilda ávaxtast samkvæmt ævileiðinni og flytjast eftirlaunajóðir sjóðfélaga milli Ævisafns I, II og III eftir aldri sjóðfélaga. Tryggingadeild og lífeyrisdeild ávaxta eignir sínar í sérstökum eignasöfnum.


Í framhaldi af sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins var fjárfestingarstefna sameinaðs sjóðs yfirfarin og staðfesti stjórnin nýja stefnu til bráðabirgða þann 22. mars. Í nóvember var fjárfestingarstefna sjóðsins síðan endurskoðuð í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða og var ný stefna samþykkt af stjórn þann 22. nóvember.

Ævisafn I hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma og er hugsað fyrir sjóðfélaga á aldrinum 20-44 ára. Ávöxtunartími inneignar er að jafnaði 20-25 ár. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með því að fjárfesta 80% af eignum í hlutabréfum eða skuldabréfum með hlutabréfaávöxtun. Vegna þessa má búast við miklum sveiflum í ávöxtun safnsins en á löngum tíma er reiknað með að sjóðfélögum verði umbunað fyrir sveiflurnar með hærri ávöxtum.

Ævisafn II hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma og er hugsað fyrir sjóðfélaga á aldrinum 45-57 ára. Ávöxtunartími lífeyrisinneignar í þessu safni er að jafnaði 10-15 ár. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum að jöfnu. Sveiflur í ávöxtun eru miklar þar sem 50% af eignum eru hlutabréf. Búast má við minni sveiflum og lægri ávöxtun en í Ævisafni I til lengri tíma litid.

Ævisafn III er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka litla áhættu og hentar vel fyrir sjóðfélaga sem eru 57 ára og eldri. Markmið safnsins er að tryggja sjóðfélögum jafna og góða ávöxtun. Fjárfestingarstefnan gerir ráð fyrir að fimmungur eigna sé í hlutabréfum og því sveiflast ávöxtun aðeins, en 80% er hins vegar ávaxtaður í skuldabréfum. Avöxtunartími í þessu safni er að jafnaði um 5-10 ár. Með auknu vægi skuldabréfa er stefnt að minni sveiflum en í Ævisöfnum I og II en um leið má búast við lægri ávöxtun.

Eignasamsetning ávöxtunarleiða 31.12.2006



Ævisafn IV er fyrir sjóðfélaga í séreignarsjóði sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína. Markmið safnsins er að tryggja sjóðfélögum jafna og góða ávöxtun. Ævisafn IV ávaxtar eignir sínar á verðtryggðum innlánsreikningi, í peningamarkaðssjóðum, stuttum skuldabréfum eða skuldabréfasjóðum.

Skyrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Með greiðslum í **tryggingadeild** ávinna sjóðfélagar sér rétt á örorku- og barnalífeiri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeiri til eftirlifandi maka og barna við fráfall. Eignir tryggingadeildar eru ávaxtaðar í sértöku verðbréfasafni og er stefnt að jöfnu vægi skuldabréfa og hlutabréfa.

Lífeyrisdeild greiðir ellilífeyri úr samtryggingarsjóði til æviloka og makalífeiri til maka látinna lífeyrisþega. Sjóðfélagar geta hafið töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 70 ára. Eignir lífeyrisdeildar eru ávaxtaðar að mestu í skuldabréfum og á innlásreikningum til að tryggja stöðuga ávöxtun.

Sterk tryggingafræðileg staða

Úttekt á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingarsjóðs miðað við 31. desember 2006 sýnir mjög sterka stöðu hans.

- Ávöxtun eftirlaunadeildaðar hefur verið á bilinu 13,8% til 21,8% og hefur eftirlaunasjóður sjóðfélaga hækkað sem því nemur. Eftirlaunasjóðurinn er notaður til að tryggja ellilífeyrisgreiðslur til æviloka.
- Eignir tryggingadeildaðar voru 25,6% umfram áfallnar skuldbindingar en hins vegar voru framtíðarskuldbindingar 2,2% hærri en framtíðariðgjöld. Heildarstaða tryggingadeildaðar var því jákvæð um 9,1% og því færast 1.170 milljónir af eignum í eftirlaunadeild í samræmi við samþykktir sjóðsins.
- Eignir lífeyrisdeildaðar voru 6,5% umfram áfallnar skuldbindingar. Vegna góðrar stöðu deildaðarinnar leggur stjórn sjóðsins til að fenginni tillögu tryggingafræðings að ellilífeyrisgreiðslur hækki um 4,0% frá og með 1. janúar 2007.

Niðurstaða úttektarinnar sýnir að endurskoða þarf iðgjaldatöflur tryggingadeildaðar þar sem framtíðarstaða hennar var neikvæð. Að tillögu tryggingafræðings leggur stjórn sjóðsins því til að iðgjaldatöflum í samþykktum verði breytt, bæði réttindatöflum og skiptingu iðgjalds í samtryggingarsjóð á milli trygginga- og eftirlaunadeildaðar.

Lán til sjóðfélaga

Sjóðfélögum standa til boða hagstæð lán gegn fasteignaveði. Hámarksþánsfjárhæð er 25 milljónir. Hægt er að velja milli lána með breytilegum eða föstum vöxtum. Bæði breytilegir vextir og fastir voru 4,85% í ársþyrjun 2007. Sjóðfélagar geta valið um tvær tegundir lána, Langtímalán eða Lifeyrislán. Langtímalán eru með jöfnum afborgunum eða greiðslum til allt að 40 ára. Lifeyrislán eru greidd út mánaðarlega að hámarki í 10 ár. Vextir bætast árlega við höfuðstól. Við lánveitingu er gefið út tryggingarbréf til tryggingar lálinu. Í lok samningstíma er lánið greitt upp, framlengt eða breytt í langtímalán. Við sölu á fasteign eða skuldaraskipti er lánið greitt upp eða breytt í langtímalán.

Á árinu 2006 voru veitt 242 lán fyrir samtals 1.532 milljónir en árið 2005 voru afgreidd 187 lán fyrir 1.130 milljónir króna. Meðalfjárhæð nýrra lána til sjóðfélaga var 6,3 milljónir. Í lok ársins var heildarfjárhæð útistandandi sjóðfélagalána 5.203 milljónir kr.

Vefsíða og þjónusta við sjóðfélaga

Almenni lifeyrissjóðurinn tók í notkun nýjan vef í apríl. Meðal nýjunga á vefsíðunni má nefna ítarlegri upplýsingar um ávöxtun sjóðsins, sjóðfélagar geta nú bókað tíma hjá ráðgjafa, launagreiðendur geta skilað inn skilagreinum á opnum vef, o.m.fl. Mikil vinna var lögð í uppsetningu vefsins með það að leiðarljósi að auðvelt væri að finna upplýsingar og rekja sig áfram við lausn á helstu viðfangsefnum hverju sinni.

Á vefsíðunni, www.almenni.is, geta sjóðfélagar fylgst með fréttum frá sjóðnum og lesið um starfsemi hans og þjónustu við sjóðfélaga. M.a. geta sjóðfélagar sótt umsóknir um lán og lífeyri, sent fyrirspurnir til ráðgjafa eða pantad að ráðgjafi hafi samband og veitti ráðgjöf um lifeyrismál.

Sjóðfélagar geta skoðað netyfirlit í Netbanka Glitnis þar sem þeir geta fylgst daglega með upplýsingum um inneign og lífeyrisréttindi. Á netyfirlitunum eru upplýsingar um greiðslur til annarra lifeyrissjóða og dæmi um inneign og lífeyrisgreiðslur í starfslok. Einig geta sjóðfélagar opnað reiknívél sem er tengd við þeirra eigin yfirlit. Yfirlitið sýnir aldur, númerandi inneign og áunnin réttindi. Sjóðfélagar geta breytt forsendum um vexti, eftirlaunaaldur (starfslok) og töku lífeyris og reiknað eigin dæmi. Reiknívélin býður sjóðfélögum síðan að vista forsendurnar en þannig geta sjóðfélagar prentað út yfirlit með eigin dænum.

Auk netyfirlita geta sjóðfélagar skoðað upplýsingar um öll lán sem þeir eru með hjá Almenna lifeyrissjóðnum. Fyrir einstök lán er hægt að skoða upplýsingar um gjalddaga og greiðslur sem síðan eru nánar sundurliðaðar í afborganir, vexti, dráttarvexti, verðbætur og kostnað.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Ný þjónusta

Í nóvember 2006 kynnti Almenni lífeyrissjóðurinn nýja þjónustu fyrir sjóðfélaga. Nú geta sjóðfélagar í séreignarsjóði, sem eru kommir með heimild til útborgunar, breytt fjárhæð mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna og/eða sótt aukagreiðslur í netbanka þegar þeim hentar. Einnig geta sjóðfélagar breytt um ávöxtunarleið í netbanka (breytt ráðstöfun framtíðargreiðslna og/eða breytt núverandi eignasamsetningu). Almenni lífeyrissjóðurinn er fyrsti og eini lífeyrissjóðurinn sem býður þessa þjónustu á Íslandi. Sjóðfélagar sem hafa ekki aðgang að netbankanum geta komið á skrifstofu sjóðsins á Kirkjusandi eða í næsta útibú Glitnis og sótt lykilorð.

Fundir og námskeið fyrir sjóðfélaga

Veturinn 2006-2007 skipulagði Almenni lífeyrissjóðurinn í samvinnu við Glitni eftirfarandi fundi og námskeið um lífeyrismál og eftirlaunasparnað.

- Miðvikudaginn 17. maí var haldinn morgunverðarfundur fyrir sjóðfélaga undir yfirskriftinni: **Almenni lífeyrissjóðurinn – enn öflugri**. Tilgangur fundarins var að kynna fyrir sjóðfélögum hvernig lífeyrisréttindi ávinnast og sparnaður byggist upp með greiðslum í sjóðinn. Fundurinn var vel sóttur en alls sóttu hann um 70 manns.
- Hjá Lífeyrissjóði lækna tíðkaðist að halda sérstakan haustfund fyrir sjóðfélaga þar sem farið var yfir afkomu sjóðsins og fjallað um lífeyrismál. Stjórn Almenna ákvað að viðhalda þessum sið og boðaði til morgunverðarfundar þann 15. nóvember. Yfirskrift fundarins var: **Almenni lífeyrissjóðurinn – enn betri**. Á fundinum var farið yfir rekstur sjóðsins á fyrrí hluta ársins en auk þess voru kynntir nýir möguleikar fyrir sjóðfélaga í Netbanka. Fundurinn var afar fjölmennur en fundarmenn voru um 100 talsins.
- Í nóvember hélt sjóðurinn námskeið fyrir lífeyrisþega og þá sem eru farnir að huga að töku lífeyris. Námskeiðið var mjög vel sótt og þurfti að halda námskeiðið tvísvar.
- Í febrúar var haldið námskeið fyrir sjóðfélaga sem hafa tiltölulega nýlega hafið störf á vinnumarkaði og eru að byrja að byggja upp lífeyrisréttindi.
- Í mars var haldið námskeið fyrir starfsmenn launadeilda eða þá sem sjá um greiðslu lífeyrissjóðsíðgjalda.

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2007.

Stjórn:

Bjarnar
Björk Guðmundsson
Rigmor Þórsson
Guðrún Þórsson
Guðrún Þórsson
Rannveig Ólafsdóttir

Láv Á Le
Ólafur Magnússon
Jóhannes Þórsson
Lisíður Þórsson

Framkvæmdastjóri:

Gunnar Skulðsíður

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 38.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fó á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 7. mars 2007.

KPMG hf.



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|--|--------------|-------------------|-------------------|
| Iðgjöld: | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 2.572.791 | 2.157.816 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 3.825.821 | 2.962.361 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | 1.017.331 | 143.563 |
| | 4,9 | 7.415.943 | 5.263.740 |
| Lífeyrir: | | | |
| Lífeyrir | 10 | 1.135.743 | 819.850 |
| Fjárfestingartekjur: | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 5 | 1.315.145 | 1.447.914 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 6,11 | 11.396.676 | 6.870.356 |
| Breyting á niðurfærslu..... | | 0 | (5.515) |
| | | 12.711.821 | 8.312.755 |
| Fjárfestingargjöld: | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 7 | 63.718 | 50.678 |
| Vaxtagjöld | | 4.350 | 305 |
| | | 68.068 | 50.983 |
| Rekstrarkostnaður: | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 7, 12-14 | 85.644 | 77.253 |
| Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga | | 18.838.309 | 12.628.410 |
| Matsbreytingar: | | | |
| Endurmat lóðar..... | | 0 | 1.424 |
| Hækkun á hreinni eign með matsbreytingum | | 18.838.309 | 12.629.834 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 64.404.245 | 51.774.411 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | 30,37 | 83.242.554 | 64.404.245 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|--|-----------------------|-------------------|-------------------|
| Fjárfestingar: | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 60.070.327 | 46.542.552 | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 17.016.906 | 11.900.415 | |
| Veðskuldabréf | 5.452.794 | 4.166.435 | |
| Bundnar bankainnstæður | 7.424 | 1.209.243 | |
| Aðrar fjárfestingar | 2.760 | 2.760 | |
| | <u>8, 15-21</u> | <u>82.550.211</u> | <u>63.821.404</u> |
| Kröfur: | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 164.716 | 192.957 | |
| Ýmsar kröfur | 36.053 | 96.823 | |
| | <u>22</u> | <u>200.769</u> | <u>289.780</u> |
| Aðrar eignir: | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | 591.368 | 315.119 | |
| | Eignir samtals | 83.342.348 | 64.426.303 |
| Skuldir: | | | |
| Ýmsar skuldir | 99.794 | 22.058 | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 30,37 | <u>83.242.554</u> | <u>64.404.245</u> |
| Greining á hreinni eign deilda: | | | |
| Séreignarsjóður | 47.008.973 | 35.117.050 | |
| Samtryggingarsjóður: | | | |
| Eftirlaunadeild | 22.803.847 | 18.339.325 | |
| Tryggingadeild | 7.710.838 | 5.685.874 | |
| Lífeyrisdeild | 5.718.896 | 5.261.996 | |
| | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | <u>83.242.554</u> | <u>64.404.245</u> | |

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2006

| | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|-------------------|-------------------|
| Inngreiðslur: | | |
| Iðgjöld | 7.383.860 | 5.246.471 |
| Fjárfestingatekjur | 950.862 | 1.131.530 |
| Afborganir verðbréfa | 760.227 | 1.285.666 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 16.381.675 | 13.294.909 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum..... | 510.457 | 448.210 |
| Bundinn bankareikningur | 1.554.554 | 96.913 |
| Aðrar inngreiðslur | 23.686 | 8.273 |
| | <u>27.565.321</u> | <u>21.511.972</u> |
| Útgreiðslur: | | |
| Lífeyrir..... | 1.136.688 | 819.850 |
| Fjárfestingagjöld | 68.068 | 13.772 |
| Rekstrarkostnaður | 86.690 | 110.741 |
| Aðrar útgreiðslur | 4.380 | 15.473 |
| | <u>1.295.826</u> | <u>959.836</u> |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum | <u>26.269.495</u> | <u>20.552.136</u> |
| Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting: | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 19.770.926 | 13.977.758 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 5.869.584 | 5.766.171 |
| Innlögn á bundna bankareikninga | 352.736 | 639.878 |
| | <u>25.993.246</u> | <u>20.383.807</u> |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | 276.249 | 168.329 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | <u>315.119</u> | <u>146.790</u> |
| Sjóður og veltiinnlán í árslok | <u>591.368</u> | <u>315.119</u> |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf, önnur en veðlán, eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Sjóðurinn skiptist í two sjóði, samtryggingarsjóð og séreignarsjóð. Samtryggingarsjóðurinn greinist í þrjár deildir og séreignardeildin skiptist í fjögur ævisöfn, með mismunandi fjárfestingarstefnum. Í skýringum 25 - 31 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lifeyrис, efnahagsreikning, sjóðstreymi og kennitölur og fleira er varðar ævisöfn séreignarsjóðs. Í skýringum 32 - 38 er að finna sambærilegar upplýsingar um samtryggingarsjóðinn.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2006. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreknuð á gengi viðskiptadags.

Afleiðusamningar

3. Sjóðurinn hefur gert framvirka vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga og er tilgangur þeirra að draga úr gengis- og vaxtaáhættu sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstólar samninganna eru ekki færðir í efnahagsreikning en afkoma þeirra er færð í rekstrar- og efnahagsreikning. Samningarnir eru við lánastofnanir og eru færðir með ýmsum kröfum eða ýmsum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

Iðgjöld

4. Iðgjöld eru tekjfærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Ógreidd iðgjöld samtryggingarsjóðs í árslok sem hafa verið tilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Tekjur af eignarhlutum

5. Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur

6. Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði imnlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Rekstrarkostnaður

7. Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Skýringar, frh.:

Verðbréfæign

8. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlana teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.
- Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á áætluðu markaðsverði.
- Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Iðgjöld

9. Iðgjöld á árinu greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|--|------------------|------------------|
| Lágmarksíðgjöld | 2.911.943 | 2.086.367 |
| Viðbótariðgjöld | 3.486.669 | 3.033.810 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 1.017.331 | 143.563 |
| Iðgjöld samtals | <u>7.415.943</u> | <u>5.263.740</u> |

Lífeyrir

10. Lífeyrir á árinu sundurliðast þannig:

| | | |
|--|------------------|----------------|
| Ellilífeyrir | 440.466 | 381.214 |
| Örorkulífeyrir | 67.540 | 58.183 |
| Makalífeyrir..... | 69.298 | 63.680 |
| Barnalífeyrir | 7.052 | 4.368 |
| Lífeyrir samtals | 584.356 | 507.445 |
| Lífeyrisgreiðslur úr séregnarsjóði | 551.386 | 312.405 |
| Lífeyrir samtals | <u>1.135.742</u> | <u>819.850</u> |

Vaxtatekjur og gengismunur

11. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

| | | |
|----------------------------|-------------------|------------------|
| Hlutdeildarskírteini | 9.143.991 | 5.211.770 |
| Skuldabréf | 2.378.905 | 1.371.940 |
| Skiptasamningar | (147.732) | 125.234 |
| Aðrar vaxtatekjur | 21.512 | 161.412 |
| Samtals | <u>11.396.676</u> | <u>6.870.356</u> |

Skýringar, frh.:

Rekstrarkostnaður

12. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

| | 2006 | 2005 |
|--|---------------|---------------|
| Umsjónarlaun Glitnis | 105.739 | 81.522 |
| Stjórnarlaun og launatengd gjöld | 6.692 | 6.012 |
| Endurskoðun | 5.682 | 3.785 |
| Tryggingafræðingur | 796 | 1.613 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 1.332 | 887 |
| Fjármálaeftirlitið | 3.589 | 2.762 |
| Auglýsingar | 2.410 | 1.933 |
| Innheimtukostnaður skuldabréfa | 1.549 | 1.695 |
| Þóknun vegna verðbréfaviðskipta | 9.299 | 8.547 |
| Kostnaður vegna sameiningar | 5.190 | 5.510 |
| Kostnaður vegna heimasíðu | 1.500 | 2.500 |
| Afmæliskostnaður 40 ára | 0 | 3.297 |
| Námskeið og fundir | 2.051 | 2.351 |
| Ýmis kostnaður | 3.533 | 5.517 |
| | <hr/> 149.362 | <hr/> 127.931 |
| Fært á fjárfestingargjöld | (63.718) | (50.678) |
| | <hr/> 85.644 | <hr/> 77.253 |

13. Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lifeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsára. Á árinu 2006 voru greidd laun fyrir árið 2005 sem hér segir:

| | |
|---|-------------|
| Þorkell Bjarnason, formaður | 1.008 |
| Rannveig Alma Einarsdóttir, varaformaður | 556 |
| Páll Ásgeir Pálsson | 508 |
| Hafsteinn Sæmundsson..... | 504 |
| Björn Arnar Magnússon | 304 |
| Eiríkur Þorbjörnsson..... | 304 |
| Jóhannes Þórðarson | 304 |
| Björn Theódór Árnason | 304 |
| Vilhelmína Haraldsdóttir..... | 189 |
| Þorkell Erlingsson | 284 |
| Arna Harðardóttir | 347 |
| Ragnheiður Pétursdóttir | 252 |
| Kristín Baldursdóttir, áheymarfulltrúi frá Félagi leiðsögumanna | 378 |
| Ólafur Örn Arnarson..... | 504 |
| Ellen Mooney..... | 63 |
| Kristján Guðmundsson..... | 32 |
| | <hr/> 5.841 |

Lifeyrissjóðurinn hefur gert rekstrarsamning við Glitni banka hf. og sjá starfsmenn bankans um rekstur sjóðsins.

Skýringar, frh.:

14. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|--|-------------|-------------|
| Endurskoðun ársreiknings Almenna lífeyrissjóðsins vegna 2005/2004..... | 1.254 | 917 |
| Endurskoðun ársreiknings Lífeyrissjóðs lækna vegna 2005/2004..... | 2.389 | 1.931 |
| Vinna við endurskoðun og gerð stofnefnahagsreiknings..... | 770 | 0 |
| Aðstoð við gerð reikningsskila | 463 | 815 |
| Könnun árshlutareiknings..... | 660 | 0 |
| Önnur þjónusta | 146 | 122 |
| | <hr/> 5.682 | <hr/> 3.785 |

Fjárfestingar

15. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Innlend hlutabréf:

| | | |
|-------------------|-----------------|-----------------|
| Skráð bréf | 4.606.413 | 3.616.376 |
| Óskráð bréf | 1.235 | 3.735 |
| | <hr/> 4.607.648 | <hr/> 3.620.111 |

Erlend hlutabréf:

| | | |
|-------------------|---------------|---------------|
| Skráð bréf | 810.834 | 637.572 |
| Óskráð bréf | 31.101 | 26.872 |
| | <hr/> 841.935 | <hr/> 664.444 |

Hlutdeildarskíteini:

Innlendir verðbréfasjóðir:

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum | 7.402.454 | 8.774.287 |
| Sjóðir með hlutabréfum | 6.216.133 | 6.839.569 |
| Sjóðir með markaðsskuldbréfum | 15.516.936 | 10.026.382 |
| | <hr/> 29.135.523 | <hr/> 25.640.238 |

Erlendir verðbréfasjóðir:

| | | |
|-------------------------------|------------------|------------------|
| Sjóður með skuldabréfum | 27.965 | 98.723 |
| Sjóður með hlutabréfum | 24.829.666 | 15.917.643 |
| Vogunarsjóðir | 627.590 | 601.393 |
| | <hr/> 25.485.221 | <hr/> 16.617.759 |

Bókfært verð samtals

60.070.327

46.542.552

Skýringar, frh.:

16. Skráð innlend hlutabréf greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|--|------------------|------------------|
| Glitnir banki hf. | 3.550.264 | 2.716.939 |
| Kaupþing banki hf. | 400.546 | 355.299 |
| Icelandair Group hf. | 222.761 | 0 |
| Straumur - Burðarás fjárfestingabanki hf. | 84.962 | 99.341 |
| Exista hf. | 65.907 | 0 |
| Landsbanki Íslands hf. | 76.734 | 73.260 |
| Marel hf. | 46.200 | 0 |
| Hf. Eimskipafélag Íslands | 78.677 | 0 |
| Actavis Group hf. | 34.304 | 26.692 |
| Bakkavör Group hf. | 30.000 | 24.432 |
| Atorka Group hf. | 16.058 | 0 |
| Jarðboranir hf. | 0 | 284.416 |
| Kögun hf. | 0 | 35.997 |
| | <u>4.606.413</u> | <u>3.616.376</u> |

17. Innlendir verðbréfasjóðir greinast þannig :

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Sjóður 1 skuldabréf | 10.953.573 | 8.544.992 |
| Sjóður 5 íslensk ríkisskuldabréf | 290.503 | 231.390 |
| Sjóður 6 aðallistinn | 3.693.246 | 4.724.083 |
| Sjóður 7 löng ríkisskuldabréf | 7.111.950 | 6.699.681 |
| Sjóður 9 Peningamarkaðsbréf | 1.946.965 | 13.184 |
| Sjóður 10 úrvval innlendra hlutabréfa | 2.522.887 | 2.115.486 |
| Sjóður 11 fyrirtækjabréf | 2.616.398 | 3.311.422 |
| | <u>29.135.523</u> | <u>25.640.238</u> |

18. Erlendir verðbréfasjóðir greinast þannig:

| | | |
|--|-------------------|-------------------|
| GLB Global Equity | 3.203.193 | 3.074.037 |
| Vanguard, S&P 500 Stock Index Fund | 1.677.888 | 1.272.504 |
| Vanguard, European Stock Index | 3.847.995 | 2.520.665 |
| Vanguard, Global Stock Index Fund | 7.579.748 | 5.542.916 |
| Vanguard, US Future Fund | 1.815.222 | 1.387.378 |
| Gartmore Global Focus Fund | 1.702.367 | 0 |
| Sparinvest | 1.694.967 | 0 |
| Wegelin | 1.661.391 | 0 |
| Wellington, Global Equity | 938.180 | 2.120.143 |
| Aðrir erlendir sjóðir | 736.680 | 98.723 |
| LUX3 vogenarsjóður (ISK) | 627.590 | 601.393 |
| | <u>25.485.221</u> | <u>16.617.759</u> |

19. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | | |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 2.289.304 | 2.316.021 |
| Bankabréf | 6.416.415 | 5.137.090 |
| Önnur skuldabréf | 8.311.187 | 4.447.304 |
| | <u>17.016.906</u> | <u>11.900.415</u> |

Skýringar, frh.:

20. Veðlán greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---------------------------|------------------|------------------|
| Lán til sjóðfélaga | 5.203.231 | 3.889.161 |
| Önnur veðskuldabréf | 249.563 | 277.274 |
| Samtals | <u>5.452.794</u> | <u>4.166.435</u> |

21. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

Í íslenskum krónum:

| | | |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 33.487.592 | 29.861.742 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 15.819.734 | 10.757.360 |
| Veðskuldabréf | 5.452.794 | 4.166.435 |
| Bundnar bankainnstæður | 7.424 | 1.209.243 |
| Áhrif framvirkra samninga | 1.122.846 | 721.726 |
| Aðrar fjárfestingar | <u>2.760</u> | <u>2.760</u> |
| | <u>55.893.150</u> | <u>46.719.266</u> |

Í erlendum gjaldmiðlum:

| | | |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 26.582.735 | 16.680.810 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 1.197.172 | 1.143.054 |
| Áhrif framvirkra samninga | (1.122.846) | (721.726) |
| | <u>26.657.061</u> | <u>17.102.138</u> |

Fjárfestingar samtals

82.550.211 63.821.404

Kröfur

22. Kröfur greinast þannig:

| | | |
|---|----------------|----------------|
| Kröfur á launagreiðendur | 164.716 | 192.958 |
| Áfallnar tekjur vegna framvirkra samninga | 18.293 | 88.715 |
| Aðrar kröfur | 17.760 | 8.107 |
| Samtals | <u>200.769</u> | <u>289.780</u> |

Afleiðusamningar

23. Afleiðusamningar greinast þannig:

| | | |
|---------------------------------|-----------|---------|
| Eignir í íslenskum krónum | 1.082.101 | 810.329 |
| Skuldir í erlendri mynt | 1.122.846 | 721.726 |

Skýringar, frh.:

Ávöxtunarleiðir

24. Eignum séreignar- og samtryggingarsjóðs skipt eftir ávöxtunarleiðum:

| | Séreignarsjóður | Samtryggingarsjóður | | | Samtals |
|----------------------|-------------------|---------------------|------------------|------------------|-------------------|
| | | Eftirlauna-deild | Trygginga-deild | Lífeyris-deild | |
| Ævisafn I | 11.032.442 | 5.681.581 | | | 16.714.023 |
| Ævisafn II | 31.514.858 | 10.596.628 | | | 42.111.486 |
| Ævisafn III | 3.069.417 | 6.525.637 | | | 9.595.054 |
| Ævisafn IV | 1.392.256 | | | | 1.392.256 |
| Tryggingadeild | | | 7.710.838 | | 7.710.838 |
| Lífeyrisdeild | | | | 5.718.896 | 5.718.896 |
| Samtals | <u>47.008.973</u> | <u>22.803.846</u> | <u>7.710.838</u> | <u>5.718.896</u> | <u>83.242.554</u> |

Sérgreint yfirlit um rekstur og fjárhag Séreignarsjóðs árið 2006

25. Rekstur og efnahagur séreignarsjóðs greinist þannig:

| | Ævisafn 1 | Ævisafn 2 | Ævisafn 3 | Ævisafn 4 | Samtals 2006 |
|--|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------------|
